

## SUÐURTANGI – BREYTING Á AÐALSKIPULAGI ÍSAFJARÐARBÆJAR 2008-2020

### MINNISBLAÐ – UNNIÐ FYRIR ÍSAFJARÐARBÆ

VERKNÚMER: 16165011  
HÖFUNDUR/RÝNIR: GPEy/EBK  
DREIFING: Ísafjarðarbær

DAGS.: 23. október 2024

## Umsagnir og athugasemdir um auglýsta tillögu að aðalskipulagsbreytingu ásamt tillögu að viðbrögðum

### 1 Kynning

Hvati skipulagsbreytinga á Suðurtanga er augin eftirspurn atvinnulóða á Ísafirði síðustu misseri. Í nágildandi aðalskipulagi og gildandi deiliskipulögum á tanganum er ekki gert ráð fyrir þeim umsvifum sem nú eru á svæðinu og eru fyrirséð, m.a. í tengslum við ferðaþjónustu, fiskeldi og annan sjávarútveg. Skapa þarf rými fyrir þessar og aðrar atvinnugreinar og samræma við sífellt fjölbreyttari starfsemi hafnarinnar á Ísafirði. Samhliða aðalskipulagsbreytingunni er unnið að endurskoðun tveggja deiliskipulaga á tanganum.

Skipulagslýsing vegna aðalskipulagsbreytingarinnar var kynnt frá 8. desember 2023 til 5. janúar 2024.

Vinnslutillaga aðalskipulagsbreytingarinnar var kynnt á vefsíðu Ísafjarðarbæjar og í fleiri miðlum frá 26. mars til 19. apríl 2024. Þann 12. apríl var opið hús hjá Ísafjarðarbæ vegna skipulagsbreytingarinnar. Tvær athugasemdir bárust frá almenningi á kynningartímanum. Önnur þeirra varðaði ferðamenn, ásýnd, umferðaröryggi og atvinnustarfsemi á svæðinu. Umsagnir um vinnslutillöguna bárust frá Slökkviliði Ísafjarðarbæjar, Mílu, Bolungarvíkurkaupstað, Minjastofnun Íslands, Vegagerðinni og Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða.

Tekið hefur verið mið af þeim umsögnum og athugasemdum sem bárust vegna skipulagslýsingarinnar og vinnslutillögu aðalskipulagsbreytingarinnar.

Þann 6. júní 2024 samþykkti bæjarstjórn að auglýsa aðalskipulagsbreytinguna í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Umsagnir og athugasemdir í skipulagsferlinu eru aðgengilegar í gegnum Skipulagsgáttina (skipulagsgatt.is).



## 2 Umsagnir, athugasemdir og tillaga að viðbrögðum

Alls bárust 8 umsagnir á auglýsingartímanum.

Dags.	Umsagnaraðili	Athugasemd	Tillaga að viðbrögðum
6.9. 2024	Snerpa	Snerpa á fjarskiptalagnir á svæðinu, sjá <a href="http://map.is/snerpa/">map.is/snerpa/</a> Jafnframt er bent á að ekki virðist gert ráð fyrir nýjum rafstreng OV sem þarf líklega að koma sem sæstrengur frá botni Skutulsfjarðar vegna landrafmagns fyrir skemmtiferðaskip. Ákveða þarf landtökustað fyrir strenginn í skipulaginu. Þó það falli utan þessa skipulagssvæðis er einnig bent á að slíkur rafstrengur gæti legið á ytri bakka fuglatjarnar í fjarðarbotninum, sjá umfjöllun á <a href="https://www.isafjordur.is/is/leit?q=Fuglatj%C3%B6rn">https://www.isafjordur.is/is/leit?q=Fuglatj%C3%B6rn</a>	Engin breyting gerð á greinargerð eða uppdrætti. Fjallað verður um sæstreng fyrir skemmtiferðaskip í heildarendurskoðun aðalskipulags Ísafjarðarbæjar. Gerð er grein fyrir fjarskiptalögnum í deiliskipulagi Suðurtanga.
11.9. 2024	Minjastofnun Íslands	Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við deiliskipulagsbreytingar en vísar í fyrri umsögn sem einnig fylgir með.	Engin breyting gerð á greinargerð eða uppdrætti. Umsögnin á við deiliskipulag Suðurtanga.
26.9. 2024	Ísavia	Umsögnin er að mestu samhljóða umsögn okkar um deiliskipulagið og er ítrekað hér með að nauðsynlegt er að taka tillit til tímabundnar hindrana og það verði gerð þversniðsmynd af tanganum sem sýnir vel hæstu mögulega hæð húsa á þessu svæði. Tilgangur með því er að koma í veg fyrir enn frekari áhrif á að og brottflugsferla að Ísafjarðarflugvelli. Fyrri umsögn okkar var svohljóðandi: Mikilvægt er að ekki verið heimilað að setja mannvirki upp í hindranaföt Ísafjarðarflugvallar. Þetta á bæði við um varanleg mannvirki svo og tímabundin, einnig bent á mikilvægi þess að ef um tímabundnar hindranir sé að ræða að þær séu bæði tilkynntar Ísavia og séu með upplýst hindranaljós. Aðstæður við flugvöllinn eru almennt krefjandi og mjög óæskilegt að þrengt sé að vellinum. Að mati Ísavia gæti verið æskilegt að setja inn í deiliskipulagið, annað hvort á uppdrátt eða í greinargerð skýringarmynd sem sýnir þversnið t.d. í gegnum lóðir Skarfatanga 2 – 6 og hæð á hindranafleti ofan við lóðir þannig að hægt sé að átta sig betur á hæð hindranaflatar yfir lóðum og þær takmarkanir sem á lóðunum eru. Hér eru svo einstaka athugasemdir sem þarf að skoða í ASK. Í kafla 2.8 þarf að breyta orðalagi, þar er talað um hindranafleti í 47 m.y.s. nái í 14km radius frá endum	Engin breyting gerð á greinargerð eða uppdrætti. Nánari umfjöllun um hindranafleti má finna í deiliskipulagi Suðurtanga.



Dags.	Umsagnaraðili	Athugasemd	Tillaga að viðbrögðum
		<p>flugbrautar. Hið rétta er að heildar svæðið nær um 15 km frá endum, svæðið skiptist í innri og ytri lárétta fleti (inner and outer horizontal surface) og eru þeir annars vegar í 45m og svo 150m hæð yfir velli (47 og 152 m.y.s.) Innri flöturinn (hindranaföturinn sem er teiknaður yfir bænum) hækkar skáhallt í 45m yfir hæð flugvallar og heldur því að 4km radius línunni. Síðan tekur við 2km svæði þar sem flöturinn hækkar uppí 150m yfir hæð flugvallar. Yst er svo ytri flöturinn og er hann í 150m yfir hæð flugvallar og nær 15km frá flugvellinum.</p> <p>Aðflugs og brottflugs ferill skerst í gegnum þessa fleti í öðrum halla og í tilfelli Ísafjarðarflugvallar þá er það skáhalt 30° út frá braut vegan þeirrar hindrunnar sem fjallið er.</p>	
26.9.2024	Vegagerðin	Vegagerðin hefur yfirfarið tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 í samræmi við hlutverk stofnunarinnar og gerir ekki athugasemd.	Engin breyting gerð á greinargerð eða uppdætti.
29.9.2024	Slökkvilið Ísafjarðarbæjar	Slökkvilið Ísafjarðarbæjar gerir ekki athugasemdir við breytt skipulag.	Engin breyting gerð á greinargerð eða uppdætti.
2.10.2024	Bolungarvíkurkaupstaður	Bolungarvíkurkaupstaður gerir ekki athugasemdir við breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar-Suðurtangi.	Engin breyting gerð á greinargerð eða uppdætti.
2.10.2024	Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða	Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða gerir ekki athugasemdir en vísar í fyrri umsögn frá okkur.	Engin breyting gerð á greinargerð eða uppdætti.
3.10.2024	Umhverfisstofnun Vatnamál	<p>Í greinargerð er fjallað um lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027. 1 Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.</p> <p>Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.</p> <p>Sveitarfélagið þarf að fjalla um og meta áhrif skipulagsins á vatnshlot þar sem það á við (þar sem fyrir séð er álag á vatn). Einnig bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt er að framkvæmdaraðilar séu upplýstir um að ítarlegra áhrifamat þarf að liggja fyrir áður en</p>	<p>Greinargerð aðalskipulagsins var breytt til samræmis við umsögn Umhverfisstofnunar.</p> <p>Í kafla 2.5 <i>Tengsl við aðrar áætlanir</i> var bætt við upplýsingum úr umsögn UST um vatnamál í Skutulsfirði.</p> <p>Í töflu 4 var uppfærð umfjöllun um umhverfi hafsins (<i>Varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og nýta á sjálfbærann hátt</i>).</p> <p>Bætt var við umfjöllun um þá þætti sem geta haft áhrif á vatnshlot svæðisins. Notast var upplýsingar og niðurstöður úr umhverfismati vegna dýpkunar við Sundabakka frá árinu 2021. Líklegt er að áhrif landfyllingar við</p>



Dags.	Umsagnaraðili	Athugasemd	Tillaga að viðbrögðum
		<p>leyfi fyrir framkvæmdir og/eða starfsemi er veitt. Þau framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið gefur út þurfa að vera í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar og lög um stjórn vatnamála. Í umhverfismati skipulagstillögunnar segir:</p> <p><i>„Á fyrirhuguðu fyllingarsvæði eru líflitlar sandfjörur og á botninum er fíngert set. Í mati á umhverfisáhrifum vegna dýpkunar við Sundabakka kemur fram að tegundir sem lifa á botni utan við hafnarkantinn (á dýpkunarsvæði) séu algengar á samsvarandi dýpi í Skutulsfirði, við Vestfirði og víða við landið. Á fyllingarsvæðinu er enga sjaldgæfa tegund að finna. Verndargildi lífríkisins við Sundabakka er því lítið og fjölbreytni þess ekki meiri en gerist og gengur í Skutulsfirði og Ísafjarðardjúpi. Því má gera ráð fyrir að landfylling við suðurenda Suðurtanga muni ekki hafa áhrif á lífauðugt svæði eða viðkvæmt lífríki. Sé horft til mats á umhverfisáhrifum vegna dýpkunar við Sundabakka má gera ráð fyrir að landfylling muni hafa neikvæð áhrif á þær fuglategundir sem sækja sér fæðu á svæðið sem mun raskast. Ekki er þó talið að fuglar innar í firðinum verði fyrir teljandi áhrifum. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum má ekki búast við að ný landfylling muni hafa áhrif á sjávarstrauma í firðinum. Því má gera ráð fyrir að Pollurinn muni ekki breytast sem viðtaki og gæðabættir sem lýsa eiga ástandi strandsjávar, skv. lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, ekki að versna.“</i></p> <p>Vatnshlotin sem um ræðir er strandsjávarvatnshlotin Skutulsfjörður innri 101-1282-C og Skutulsfjörður ytri 101-1381-C.</p> <p>Stofnunin bendir á að öll strandsjávarhlot eiga að vera í að minnsta kosti góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi. Nái vatnshlot ekki umhverfismarkmiðum skal fara í aðgerðir til að draga úr álagi, leggja til mótvægisáðgerðir eða breytingar á framkvæmd til að tryggja gott ástand vatns. Umhverfismarkmið um ástand eru lagalega bindandi og má ástand vatnshlota ekki hnigna, hvorki tímabundið né varanlega.</p> <p>Strandsjávarhlotið Skutulsfjörður ytri hefur ekki verið ástandsflökkað, þ.e. vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand vatnshlotsins er ekki þekkt. Aftur á móti hefur Skutulsfjörður innri verið flokkaður í gott efnafræðilegt ástand en óvissa ríkir um ástandið samkvæmt álagsgreiningu sem gerð var árið 2013. Vistfræðilegt ástand vatnshlotsins er enn metið í óvissu uns niðurstöður vöktunar á vistfræðilegum gæðabáttum liggja fyrir og ástand þess hefur verið metið. Umhverfisstofnun bendir á að fyrirhugaðar framkvæmdir þrengja enn frekar á straum vatns á milli vatnshlotanna tveggja í firðinum og gætu haft áhrif á vatnsskipti.</p>	<p>innanverðan Suðurtanga verði að hluta til svipuð og þar er lýst.</p> <p>Landfylling við syðri enda Suðurtanga mun ekki hafa áhrif á strauma um Sundin. Niðurstaðan er eins og áður sýnt að gera megi ráð fyrir að Pollurinn muni ekki breytast sem viðtaki og gæðabættir sem lýsa eiga ástandi strandsjávar ekki að versna.</p>



Dags.	Umsagnaraðili	Athugasemd	Tillaga að viðbrögðum
		<p>Því er mikilvægt að ástandsmat sé gert á vatnshlotinu Skutulsfjörður innri til að hægt sé að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á stöðu vatnshlotsins og umhverfismarkmið þess. Þegar gögn og ástandsmat vatnshlotsins hafa verið uppfærð þarf að gera mat á áhrifum framkvæmda á vatnshlotið sem leyfisveitandi kallar eftir frá framkvæmdaraðila og tekur síðan afstöðu til. Slíkt áhrifamat skal innihalda upplýsingar um m.a.:</p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Vatnshlotið sem um ræðir, ástand þess og umhverfismarkmið.</li><li>• Áhrif vegna framkvæmdarinnar og hvernig hún hefur áhrif á gæðabætti sem eru notaðir til að ástandsmeta strandsjavarvatnshlot. Ef greind eru líkleg neikvæð áhrif, bein og óbein, á gæðabættina vegna framkvæmdarinnar þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeim tengslum og umfangi áhrifanna. Einnig hvort umhverfismarkmið munu nást eða ekki.</li><li>• Hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif (þ.e. ef kemur í ljós að umhverfismarkmiðin nást ekki).</li><li>• Samlegðaráhrif allrar starfsemi (núverandi og fyrirhugaðri) sem hafa eða geta haft áhrif á vatnshlotið.</li></ul> <p>Gæðabættirnir sem skilgreindir hafa verið fyrir strandsjó eru nítrat, fosfat, blaðgræna, hryggleysingjar á mjúkum botni og botnþörungur á hörðum botni. Umhverfisstofnun bendir á meta skuli áhrif framkvæmdarinnar á tegundafjölbreytileikastuðul (NQI stuðul) með aðstoð Hafrannsóknastofnunar. Einnig bendir stofnunin á að fiskeldisfyrirtæki í sveitarfélaginu gætu haft upplýsingar um gæðabættina og stöðu þeirra.</p> <p>Umhverfisstofnun bendir á að landfylling getur einnig haft áhrif á vatnsformfræðilega gæðabætti sem hafa þó ekki enn verið skilgreindir í strandsjó. Breytingar á vatnsformfræði geta valdið áhrifum á ofangreinda gæðabætti. Umhverfisstofnun bendir á að ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun á vatnshloti skv. 18 gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála getur framkvæmdaaðili óskað eftir heimild stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti. Auk þess vill Umhverfisstofnun vekja athygli að skilgreint er staðbundið álag vegna óhreinsaðrar fráveitu og vegna flugsamgangna frá Ísafjarðarflugvelli. Einnig vill stofnunin benda á stöðuskýrslu fráveitumála þar sem fjallað er um fráveitumál á Ísafirði, en þar segir m.a. að engin hreinsun sé og margar útrásir virkar. Samþykkt hefur verið framkvæmdaáætlun til 2030 um að sameina útrásir á Ísafirði og færa þær flestar úr Skutulsfirði innri (Pollinum) og einnig að skólpið verði hreinsað áður en það er losað.</p>	



Dags.	Umsagnaraðili	Athugasemd	Tillaga að viðbrögðum
3.10.2024	Umhverfisstofnun Starfsleyfi	Starfsleyfi Stofnunarinnar bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við skipulag. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi með skýrum hætti í skipulagstillögunni hvar leyfilegt sé að vera með starfsemi sem er starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun, eða heilbrigðisnefnd, til að hægt sé að meta hvort starfsemin samræmist skipulagi, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.	Engin breyting gerð á greinargerð eða uppdretti. Í aðalskipulagsbreytingunni eru skilgreind iðnaðarsvæði, athafnasvæði og hafnarsvæði auk miðsvæðis í samræmi við 6.2 gr. skipulagsreglugerðar. Iðnaðarsvæði er í nálægð við Sundabakka og athafnasvæði nær Neðstakaupstað og miðsvæði. Frekari skilmálar um landnotkun eru settir í deiliskipulagi svæðisins. Ekki er gert ráð fyrir nánari skilgreiningum í aðalskipulaginu.
3.10.2024	Umhverfisstofnun Landfylling	Landfylling Syðst á tanganum er gert ráð fyrir nýrri u.þ.b. 2,3 ha landfyllingu en efnismagn er óþekkt. Nýta á efni sem til fellur vegna dýpkunar við Sundabakka og í Sundunum, sbr. gildandi aðalskipulag. Þar sem fram kemur í greinargerð að nýta á dýpkunarefni að hluta í landfyllingar bendir Umhverfisstofnun á eftirfarandi: Sumt af því efni (dýpkunarefni) sem tekið er upp getur verið mengað af þungmálmum, þrávirkum lífrænum efnum eða öðrum mengandi efnum. Skv. OSPAR samningnum um verndun hafrýmis Norðaustur Atlantshafsins og 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, er óheimilt að varpa efnum í hafið en eins og fram kemur í umhverfisskýrslu, segir í 9. gr. laganna að Umhverfisstofnun geti veitt leyfi til að m.a. dýpkunarefnum sé varpað í hafið að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar. Árið 2000 setti Hollustuvernd ríkisins (Umhverfisstofnun) fram leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis og voru þær uppfærðar af Umhverfisstofnun í desember 2016 og október 2019. Á heimasíðu Umhverfisstofnunar eru hinar leiðbeinandi reglur, sjá hér: <a href="https://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Haf-ogvatn/Leiðbeinandi%20reglur%20um%20meðferð%20dýpkunarefnis_des2016.pdf">https://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Haf-ogvatn/Leiðbeinandi%20reglur%20um%20meðferð%20dýpkunarefnis_des2016.pdf</a> . Áhrifamat skal leggja fyrir til grundvallar leyfisveitingunni þar sem að sýna skal fram á að framkvæmdin muni ekki valda því að umhverfismarkmiðum viðkomandi vatnshlota verði ekki náð sbr. umfjöllun um vatnamál hér að framan.	Bætt var við upplýsingum í töflu 4, í umfjöllun um umhverfi hafsins ( <i>Varðveita umhverfi hafsins og auðlindir þess og nýta á sjálfbæran hátt</i> ): Niðurstöður kornastærðargreiningar á seti við Sundabakka frá árinu 2020 sýna að ekki er þörf á ítarlegum rannsóknum á setinu skv. leiðbeinandi reglum um meðferð dýpkunarefnis (útgefnum af UST). Sjá umhverfismat vegna dýpkunar við Sundabakka, sem vitnað er til í skipulagsbreytingunni.